



FRAMHALDSSKÓLINN Á LAUGUM

Ársskýrsla 2018

Prófill

Stærð skóla, fjöldi nemenda og starfsmanna:

Húsnæði skólans er 6.523 m². Árið 2018 voru um 78 nemendur í fullu námi við skólann (105 í 75% námi) og starfsmenn voru 32 (þar af einn í leyfi) í 23,8 stöðugildum

Námsframboð:

Skólinn bauð upp á nám á fjórum brautum til stúdentsprófs: Félagsvísindabraut, íþróttabraut, kjörsviðsbraut og náttúruvísindabraut. Ennfremur var boðið upp á nám á almennri námsbraut.

Framkvæmd markmiða:

Unnið er að öllum markmiðum skólans sem getið er í skólasamningi og að markmiðasetningu í stefnumiðaðri áætlun 2019-2021. Þónokkur markmið hafa þegar verið uppfyllt og árangur er að nást með önnur markmið þó sumum þeirra verði mögulega ekki náð að fullu.

Umbótaþættir eftir sjálfsmat:

Þær breytingar sem voru gerðar á mætingu á haustönn 2017 skiluðu mun betri mætingum og einkunnum. Mætingar döludu á haustönn 2018 og einkunnir einnig. Skólinn er því að vinna að aðgerðum til að bæta metnað og ábyrgðartilfinningu nemenda. Námsráðgjöf og sálfræðingsþjónusta hefur verið aukin talsvert og skilar því að nemendum á Laugum líður almennt betur en á landsvísu og telja aðgang að þessari stoðþjónustu mun betri heldur en gengur og gerist. Samstarf við aðra framhaldsskóla hefur aukist verulega og samstarfið við Þingeyjarskóla er orðið allverulegt og stefnt er að auka það ennfrekar. Sérstök áhersla hefur verið á að kynna skólann fyrir grunnskólanemendum á landsvísu og stefnir í að það starf muni skila skólanum verulega auknum nemendafjölda.

Úttektir:

Engin ytri úttekt var gerð á skólanum á árinu 2018.

Afkoma, rekstrarstaða:

Rekstur skólans var jákvæður um 8,5 millj. kr.

Brottfall:

Brottfall var við skólann árið 2018 var um 2%

Stjórnun:

Skólameistari, áfangastjóri og brautarstjóri almennrar brautar

Samvinna við aðra:

Verkmenntaskólinn á Akureyri, Menntaskólinn á Akureyri, Framhaldsskólinn á Húsavík, Menntaskólinn á Tröllaskaga, Þingeyjarskóli, Reykjahlíðarskóli, Grunnskóli Raufarhafnar, Hrafnagilsskóli, Meðferðarheimilið Laugaland, Ungmennafélagið Efling, Austurbrú og Þekkingarnet Þingeyinga.

Sérstakar áherslur/sérsvið skólans:

Skólinn rekur framhaldsskóladeildir á Þórshöfn og Vopnafirði. Skólinn sérhæfir sig í persónubundinni þjónustu, einstaklingsmiðuðu námi og sveigjanlegu námsumhverfi með miklu íþrótt-, leiklistar- og tónlistarstarfi. Nemendur eru með samfelldan skóladag frá 09:10-15:30 sem samanstendur af fagttímum, hóptímum og námstímum og eru þeir síðarnefndu undir leiðsögn kennara á milli fagttíma.

Nemendur og nám:

Við Framhaldsskólann á Laugum voru fimm námsbrautir, almenn braut, félagsvísindabraut, íþróttabraut, náttúruvísindabraut og kjörsviðsbraut.

95 nemendur hófu nám í byrjun árs 2018 sem skiluðu 2.544 einingum (84,8 nemendum í fullu námi, 113,1 nemandi í 75% námi).

11 á almennri námsbraut

29 á félagsvísindabraut

8 á íþróttabraut

23 á kjörsviðsbraut

21 á náttúruvísindabraut

3 á félagsvísinda- og náttúruvísindabraut.

45 strákar og 50 stúlkur. Brottfall á önninni var 2,1%. Að meðaltali var 14,1 nemendi á kennslutíma.

Haustið 2018 byrjuðu 88 nemendur sem skiluðu 2.159 einingum (72 nemendum í fullu námi, 96 nemendum í 75% námi).

11 á almennri námsbraut

27 á félagsvísindabraut

16 á íþróttabraut

20 á kjörsviðsbraut

11 á náttúruvísindabraut

2 á félagsvísinda- og náttúruvísindabraut

1 á íþrótt- og náttúruvísindabraut.

44 strákar og 44 stúlkur. Brottfall á önninni var 2,3%. Að meðaltali voru 13,3 nemendur á kennslutíma.

Framhaldsskólinn á Laugum starfar eftir samþykktri námsskrá og reynir af fremsta megni að búa nemendur undir frekara nám og daglegt líf og þátttöku í lýðræðisþjóðfélagi í gegnum sveigjanlegt námsumhverfi, persónubundna námsáætlun og fjölbreyttar kennsluaðferðir. Reynt er að meta alla að verðleikum og taka tillit til sérparfa hvers og eins. Skóladagurinn á Laugum er samfelldur kl. 09:10-15:30 alla virka daga vikunnar nema föstudaga þegar hætt er kl 14:40. Íþróttakennsla fer fram milli 16 og 18 mánudaga til fimmtudaga og er miðað við að hver nemandi mæti a.m.k. einu sinni í viku. Skóladagurinn samanstendur af hefðbundnum fag tímum og hóp- og námstímum þeirra á milli. Kennslan í fag tímum er fjölbreytt, allt frá hefðbundnum fyrirlestur, yfir í umræðutíma, yfir í vendikennslu og notast skólinn við námskerfið Moodle til að halda utanum námið.

Haustið 2017 hófst innleiðing nýrra kennsluhátta og voru þeir þróaðir áfram árið 2018. Þar skipa hóp- og námstímar mikilvægan sess. Í námstímum vinna nemendur að verkefnum sínum með aðstoð kennara. Hóptímar eru fjóra hálfra daga og eru allir nemendur í hóptíma í einu auk um sjö kennara. Hóptímar hefjast á standandi fundum þar sem nemendur þurfa að gera grein fyrir áætlunum sínum í náminu þann daginn. Að standandi fundi loknum fara sumir að vinna að verkefnum sínum en aðrir fara í aukafag tíma. Einnig var stundaskráin gerð fljótandi að vissu marki þannig að hún er breytileg frá viku til viku. Auk þess er tímalengd fag tíma í hóptímum mismunandi og þannig er hægt að nýta tíma nemenda og kennara betur. Ásamt þessum breytingum voru einnig í þróun áherslubreytingar á skólanámskrá þar sem lýðheilsa og umhverfismál verða stoðir undir skólastarfið. Eiga þær áherslur að verða greinilegar í öllum kenndum áföngum sem og í öðru starfi skólans. Unnið er með eftirfarandi lykilhugtök í þeirri vinnu; Líkaminn, hreyfing, næring, hvíld, geðheilbrigði, siðvitund, félagsfærni, kynheilbrigði, umhverfi, menning, listir og upplýsingalæsi. Sem hluti af þessum breytingum var tekinn upp nýr 8 eininga áfangi, lýðfræði, á fyrsta ári á haustönn 2018.

Í skólanum er símat, þ.e. nemendur þreyta próf, gera ritgerðir og leysa verkefni með jöfnum hætti yfir önnina og lokapróf í hefðbundnum skilningi eru ekki þreytt við skólann nema í undantekningatilfellum. Kennsluvikur annararinnar eru því að jafnaði 17 talsins. Þessi tilhögun gerir það að verkum að námið er mjög einstaklingsmiðað og auðvelt fyrir nemendur að taka færri eða fleiri einingar en hefðbundið skipulag gerir ráð fyrir.

Framhaldsskóladeildir á Þórshöfn og Vopnafirði:

Framhaldsskólinn á Laugum hefur starfrækt framhaldsskóladeild á Þórshöfn frá haustinu 2009. Starfið hefur gengið vel og eru heimamenn ánægðir með þessa þjónustu. Þrátt fyrir það hefur dregið úr aðsókn í deildina og er hún í dag rekin í samvinnu við Þekkingarnet Þingeyinga og hefur daglegum rekstri verið úvistað til Þekkingarnetsins. Á vorönn voru fimm nemendur við deildina en á haustönn voru þeir tveir en enginn í fullu námi. Framhaldsskóladeildin á Vopnafirði hefur verið starfrækt síðan 2016 og þar hefur starfið ekki gengið síður vel og heimfólk mjög ánægt líka. Á bæði vor- og haustönn voru fjórir nemendur við deildina í fullu námi.

Samstarf við aðra:

Samstarf hefur verið við Verkmenntaskólann á Akureyri um að taka að sér að kenna í fjarnámi þá áfanga sem við getum ekki boðið uppá. Einnig geta nemendur skólans tekið slíka áfanga í gegnum Fjarmenntaskólann. Með þessu móti getum við aukið námsframboð okkar. Að sama skapi býður Framhaldsskólinn á Laugum nemendum annarra skóla áfanga í gegnum Fjarmenntaskólann. Vegna þessa samstarfs situr skólameistari Framhaldsskólans á Laugum hálfsmánaðarlega fundi Fjarmenntaskólans.

Í lok árs 2015 var undirritaður samstarfsamningur milli framhaldsskólanna á Norðausturlandi og hefur samstarfið á milli þessara skóla verið til fyrirmyndir. Skólameistarararnir sitja fundi hálfsmánaðarlega og hafa skipt með sér ýmsum verkum, þ.e. einn skóli leiðir ákveðið verkefni, annar annað verkefni og svo koll af kalli. Á árinu 2018 voru svo Laugaskóli og Framhaldsskólinn á Húsavík í frekara samstarfi um félagslíf nemenda auk þess sem kennarar skólanna hittust og báru saman bækur sínar. Nemendur á Laugum tóku þátt í uppfærslu leikrits á vegum leikfélags Framhaldsskólans á Húsavík, Píramusar og Þispu heimsóttu nemendur á Húsavík á vordögum.

Samstarf hefur líka verið við grunnskóla um kennslu í einstaka áfanga fyrir þá nemendur sem lokið hafa markmiðum grunnskólans fyrir 10. bekkinn. Á árinu 2018 nýttu 10 nemendur frá Þingeyjarskóla sér þann möguleika. Slíkt hið sama gerði einn nemandi í Grunnskóla Raufarhafnar og einn nemandi frá meðferðarheimilinu á Laugalandi (í gegnum Hrafnagilsskóla). Einnig sá Framhaldsskólinn á Laugum um raungreinakennslu tvo tíma í viku fyrir Þingeyjarskóla árið 2017 sem og valfag á unglingastigi í tvo tíma á viku. Skólinn lætur bæði Þingeyjarskóla og Reykjahlíðarskóla í té kennsluhúsnæði. Spannandi samstarf við Þingeyjarskóla er á döfinni þar sem nemendur FL munu geta nýtt sér verkgreinaaðstöðu og verkgreinakennara Þingeyjarskóla. Aukinheldur stendur skólinn fyrir tónlistarhátíðinni Tónkvísl og grunnskólamóti í íþróttum og býður grunnskólum á norðausturlandi að taka þátt í þessum viðburðum.

Samstarf er milli íþróttabrautarinnar og Ungmennafélagsins Eflingar um þjálfun ungmenna. Þetta nýtist skólanum sem hluti af starfsnámi brautarinnar.

Eins og áður sagði á skólinn í samstarfi við Þekkingarnet Þingeyinga um rekstur Þórshafnardeildar og í samstarfi við Austurbrú og Vopnafjarðarhrepp um rekstur Vopnafjarðardeildar.

Mat á markmiðum skólasamnings og markmiðasetningu í stefnumiðaðri áætlun 2019-2021:

Nýr skólasamningur tók gildi 1. janúar 2015 og unnið var eftir markmiðum hans á árinu. Haustið 2017 tóku gildi nýjar mætingarreglur við Framhaldsskólann á Laugum sem fólust í því að raunmætingin var einungs skoðuð með það að markmiði að hún yrði 85% eða hærrí hjá hverjum og einum. Þannig eru engin leyfi gefin og allar fjarvistir telja inn í mætinguna sama af hvaða orsökum þær eru (skröp telja jafnt og veikindi) þrátt fyrir að auðvitað sé tekið tillit til eðli fjarvistanna þegar kemur að því að nemdur þurfa að skrá sig úr áföngum. Raunmæting á haustönn 2017 varð 84% en raunmæting hafði aldrei farið yfir 80% í a.m.k. 10 ár þar á undan. Vorið 2018 var raunmætingin 81% en dalaði heldur um haustið niður í 76%. Brottfall úr áföngum var 8,9% á vorönn og hækkaði í 13,4% á haustönn sem er því miður hærra hærra en á árinu 2017. Meðaleinkunn nemenda var örlítið lægri en árið 2017 eða 6,4 á bæði vorönn og haustönn.

Samkvæmt sjálfsmatsskýrslu skólans líður 83% nemenda vel eða mjög vel og enginn nemandi svaraði að sér liði illa eða mjög illa. Í könnuninni Ungt fólk, niðurstöður rannsókna meðal framhaldsskólanema á Íslandi 2018 sem unnin var af Rannsóknum & greiningu var einnig spurt um líðan í skóla. Þar kemur fram að mun færri strákum í Framhaldsskólanum á Laugum, eða 6% líður illa í skólanum meðan hlutfallið er 9% á landsvísu. Hjá stelpum er hlutfallið í FL það sama og yfir landið í heild, eða 10%. Að auki skora nemendur um 10 prósentustigum hærra (60-70%) en landsmeðaltalið (50-60) þegar spurt er um hvort þau séu bjartsýn, afslöppuð, geri gagn eða geti tekist á við vandamál. Nemendur hafa daglegan aðgang að námsráðgjafa og 95% nemenda segja að þeir hafi greiðan aðgang að námsráðgjafa (91% á landsvísu) og reglulegan aðgang að hjúkrunafræðingi (88% nemenda FL segjast hafa greiðan aðgang að hjúkrunafræðingi meðan hlutfallið á landsvísu er 47%). Einnig hafa nemendur aðgang að sálfræðingi vikulega og greiðir skólinn a.m.k. tvo fyrstu tímana fyrir hvern nemanda.

Aðeins hefur verið unnið að því markmiði að auka fjölbreytni náms og með það að í huga var sett upp kjörsviðsbraut til stúdentsprófs við skólann. Að sama skapi hefur samstarf við aðra framhaldsskóla, grunnskóla og félagasamtök á svæðinu aukist til muna á árinu 2018 og tóku 16 nemendur annarra skóla áfanga við Framhaldsskólann á Laugum á vorönn og 12 á haustönn. Að sama skapi tók á annan tug Lauganema áfanga við aðra skóla og 15 nemendur tóku þátt í uppfærslu leikritsins *Stöngin inn* á vegum Ungmennafélagsins Eflingar og fengu fyrir það 65 einingar. Einnig hófst á haustönn vinna við að breyta áföngum skólans í íslensku, ensku og stærðfræði til samræmis við aðra framhaldsskóla.

Unnið var að þeirri markmiðasetningu að bæta skólabraginn og voru gerðar endurbætur á vinnuaðstöðu kennara reynt að efla starfsandann. Einnig var haldið áfram með markmiðasetningu skólans að fjölga nemendum og var mikil markaðsherferð sett af stað í mars 2018 sem skilaði 58% aukningu í nemendum beint úr 10 bekk. Áfram var haldið með kynningar á skólanum haustið 2018 og mikil kynninga- og heimsóknaherferð undirbúin fyrir vorið 2019 sem, þegar þetta er skrifað, virðist hafa skilað sér því fjöldi 10. bekkinga sem setur FL sem fyrsta val hefur meira en tvöfaldast frá vorinu 2018.

Allir fastráðnir kennarar skólans eru með leyfisbréf í samræmi við markmið skólasamningsins og um þriðjungur þeirra með meistaragráðu í sínu fagi.

Starfsmannahald 2018:

Skólanum er stýrt af skólameistara og honum til aðstoðar er áfangastjóri í 50% starfi sem slíkur. Einnig er 10% af starfi brautarstjóra almennrar námsbrautar skilgreint sem stjórnunarstarf. Kennarar við skólann eru í 9,8 stöðugildum, bókasafnskennari er í 60% starfi (50% frá 1. ágúst), verkefnastjóri á Vopnafirði í 100% starfi og námsráðgjafi í 60% starfi (75% frá 1. ágúst). Á árinu þurfti samt að auka stöðuhlutföll kennara í hlutastörfum lítillaga. Fjármálastjóri er í 50% starfi, kerfisstjóri í 55% starfi, húsverðir í rétt

tæpum tveimur stöðugildum (frá 20. ágúst var 90% stöðugildi útvistað til Þingeyjarsveitar), ræstitæknar í tveimur stöðugildum og húsbændur í tæpu einu og hálfu stöðugildi. Skólaritari er í 75% starfi (40% frá 15. ágúst), skólasálfræðingur kemur einn dag í viku og skólahjúkrunafræðingur einn dagpart í viku. Hjá mötuneyti skólans er bryti (matráður, kokkur) í fullu starfi og starfsstúlkur í 2,3 stöðugildum. Jafnframt starfar fjármálastjóri hjá mötuneytinu í 50% starfi og þvottastjóri í 100% starfi.

Árið 2018 unnu eftirtaldir við Framhaldsskólann á Laugum:

Skólameistari:

Sigurbjörn Árni Arngrímsson

Áfangastjóri:

Hallur Birkir Reynisson

Brautarstjóri almennrar námsbrautar:

Sverrir Haraldsson

Verkefnastjóri framhaldsskóladeildar á Þórshöfn:

Útvistað til Þekkingarnets Þingeyinga

Verkefnastjóri framhaldsskóladeildar á Vopnafirði:

Bjarney Guðrún Jónsdóttir

Náms- og starfsráðgjafii:

Ásta Gísladóttir (til 1. ágúst)

María Jónsdóttir (leyfi til 1. ágúst)

Skólahjúkrunarfræðingur:

Kristveig Halla Guðmundsdóttir

Skólasálfræðingur

Elín Eydís Friðriksdóttir

Fjármálastjóri:

Þórunn Sigtryggisdóttir

Kerfisstjóri:

Kristinn Ingi Pétursson

Bryti:

Kristján Guðmundsson

Kennarar skólans:

Andri Hnikarr Jónsson (leyfi til 1. ágúst)

Arnór Benónýsson

Ásta Gísladóttir (frá 1. ágúst)

Birna Björnsdóttir

Connie Maria Cuesta-Schmiedl

Freydís Anna Arngrímsdóttir
Guðmundur Smári Gunnarsson
Hanna Sigrún Helgadóttir
Hildigunnur Jónsdóttir (leyfi frá 1 ágúst)
Olga Hjaltalín Ingólfssdóttir
Ragna Heiðbjört Þórisdóttir

Bókasafnskennari:

Jóhanna Eydís Þórarinsdóttir (veikindaleyfi til 5. febrúar)

Skólaritari

Hjördís Sverrisdóttir (til 15. ágúst)
Ásta Gísladóttir (frá 1. ágúst)

Starfsfólk mótneysis:

G. Sigrún Hringsdóttir, starfsstúlka
Jóna Jónsdóttir, starfsstúlka
Sigríður Sveinbjörnsdóttir, starfsstúlka

Þvottahús:

Guðrún Jóna Svavarsdóttir (til 31. maí)
Hjördís Sverrisdóttir (frá 15. ágúst)

Húsbændur:

Ingólfur Víðir Ingólfsson
Hlynur Snæbjörnsson
Jón Sverrir Sigtryggson

Húsverðir:

Kristján Snæbjörnsson
Jóhanna Sif Sigþórsdóttir (til 5. júní)

Ræstingar:

Eva Björg Jónsdóttir
Kristjana Kristjánsdóttir

Fjármál og rekstur

Rekstarreikningur

	Skýr	2018	2017
Tekjur			
Tekjufærsla fjárveitinga	3	266.626.843	251.836.404
Aðrar tekjur	4	936.000	1.146.000
Vörusala	5	944.700	1.145.700
Framlög og ýmsar tekjur	6	37.621.740	41.934.958
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára	3	3.535.453	2.329.815
Tekjur samtals		309.664.736	298.392.877
Gjöld			
Laun og launatengd gjöld	7	189.596.366	190.577.488
Framlög og tilfærslur	8	0	0
Annar rekstrarkostnaður	9	108.072.272	91.182.973
Afskriftir	10	3.535.453	2.329.815
Gjöld samtals		301.204.091	284.090.276
Afkoma (tap) fyrir fjármagnsliði		8.460.645	14.302.601
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap	11	(1.962)	(4.027)
		(1.962)	(4.027)
Afkoma ársins		8.458.683	14.298.574

Efnahagsreikningur

Eignir	Skýr	31.12.2018	31.12.2017
Fastafjármunir			
Óefnislegar eignir		0	0
Varanlegir rekstrarfjármunir:	12		
Áhöld, tæki og búnaður		14.345.475	10.128.221
Aðrar eignir		2.593.119	100.000
		<u>16.938.594</u>	<u>10.228.221</u>
Fastafjármunir samtals		<u>16.938.594</u>	<u>10.228.221</u>
Veltufjármunir			
Tengdir aðilar	13	26.060.051	19.042.637
Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður	14	2.784.618	1.751.590
Handbært fé		3.641.292	4.928.347
Veltufjármunir samtals		<u>32.485.961</u>	<u>25.722.574</u>
Eignir samtals		<u>49.424.555</u>	<u>35.950.795</u>
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé	15		
Hrein eign		20.594.980	12.136.297
Eigið fé samtals		<u>20.594.980</u>	<u>12.136.297</u>
Skuldir			
Tengdir aðilar	13	366.469	109.535
Viðskiptaskuldir	16	4.314.268	38.937
Ýmsar skammtímaskuldir	17	11.456.070	13.437.805
Frestun tekjufærslu fjárfestingarheimilda	18	12.692.768	10.228.221
		<u>28.829.575</u>	<u>23.814.498</u>
Skuldir samtals		<u>28.829.575</u>	<u>23.814.498</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u>49.424.555</u>	<u>35.950.795</u>

Skýringar á rekstrar- og efnahagsreikningi 2018

Fjárveitingar á fjárlögum fyrir árið 2018 til Framhaldsskólans á Laugum námu samtals 272,6 m.kr. Þar af voru 6,0 m.kr. flokkaðar sem fjárfestingarheimild og fjárheimildir ársins því 266,6 m.kr. Tekjufærsla frestaðra tekna var 3,5 m.kr. sem var aukning um 51,2%. Stafar það fyrst og fremst af því að lítið var fjárfest árin fyrir 2016 vegna bágrar fjárhagsstöðu og uppsöfnuð fjárfestingarþörf því mikil. Síðan 2016 hefur verið reynt að bæta úr því og mun svo verða enn um sinn og því mun þessi tekjufærsla frestaðra tekna aukast enn frekar á næstu árum. Aðrar tekjur voru 39,5 m.kr. og drógust saman um 8,1% á milli ára eftir næstum tvöföldun árið áður. Heildartekjur skólans á árinu voru 309,7 m.kr. og jukust um 3,8% á milli ára. Þó ber þess að geta að fjárfest var fyrir 4,2 milljónir umfram fjárfestingarheimildir (fjárfest var fyrir 10,2 m.kr.) á árinu og mun því þurfa að færa þá upphæð af fjárheimildum yfir í fjárfestingarheimildir á næsta ári/árum til að tekjufærslur frestaðra tekna geti mætt afskriftum þessara fjárfestinga í framtíðinni.

Rekstrargjöld ársins voru samtals 301,2 m.kr. og hækkuðu um 6,1% eða 17,2 m.kr. Að hluta til var sú hækkun vegna aukinna afskrifta (sem hækkuðu í samræmi við tekjufærslu frestaðra tekna) en aðalega vegna aukins annars rekstrakostnaðar. T.a.m. hækkaði húsaleiga um 5,5 m.kr. á árinu (8,1%) og um 3,3 m.kr. voru settar í kynningarstarfsemi með það að markmiði að fjölga nemendum sem tókst. Einnig jókst verkaupakostnaður um 2,2 m.kr. því gerður var samningur við Þingeyjarsveit um að sinna húsvörslu í íþróttahúsi. Risnukostnaður jókst vegna hátíðahalda 30 ára afmælis skólans. Sérfræðikostnaður jókst líka á milli ára vegna aukinnar sálfræðiþjónustu og aðkeyþra námskeiða fyrir nemendur. Rekstrargjöld voru engu að síður um 8,5 m.kr lægri en heildartekjur ársins.

Höfuðstóll eða ónotuð fjárheimild Framhaldsskólans á Laugum nam 20.594.980 kr. í árslok 2018. Hins vegar vantar 4.245.826 kr. upp á að frestaðar tekjur dugi fyrir afskriftum af þeim fjárfestingum sem þegar hefur verið ráðist í. Því má segja að sú raunfjárheimild sem ónotuð er sé 16.349.154 kr. Staða Framhaldsskólans á Laugum á viðskiptareikningi við ríkissjóð var 15,4 m.kr í lok árs 2018.

Laugum, 28. júní 2019

Sigurbjörn Árni Arngrímsson skólameistari
Þórunn Sigtryggisdóttir fjármálastjóri